

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólshvols, Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps, þann 4. október 2001, deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólshvols, Hvolhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sjö húsa m.a. svefnskála, eldhúss, starfsmannaskála og aðstöðuhúss auk 30 bílastæða.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 12. október 2001.*

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.